


Hrunamannahreppur

Við hugsum áður en við hendum





Sjálfbært samfélag með lágmörkun úrgangs og flokkun í fyrirrúmi!

Hrunamannahreppur hefur á undanförunum árum unnið ötullega að því með íbúum samfélagsins að búa okkur sjálfbærra samfélag þar sem flokkun úrgangs og lágmörkun hans hefur orðið að daglegri venju hjá heimilum og fyrirtækjum. Samfélagið í heild sinni er komið vel á veg í átt að hringrásarsamfélagi og tilbúið að taka skrefið enn frekar með aukinni flokkun í sveitarfélaginu og draga þannig úr magni blandaðs úrgangs sem fer til urðunar. Þessa vegferð hófum við með Terra sl. vetri og nú í maí bætist við tunna undir plastumbúðir.

Sveitarfélagið er því vel í stakk búið að takast á við þá lagaskyldu sem blasir við 1. janúar 2023 en þá verður heimilum og rekstraraðilum skylt að flokka í sjö flokka úrgangs; pappír, plast, gler, málma, textíl, spilliefni og lífúrgang-matarleifar. Í samstarfi við Terra eru íbúar hreppsins komnir vel á veg að uppfylla flokkunarkröfur, að flokka pappír, pappa, plastumbúðir og lífúrgang-matarleifar. Blandaður úrgangur fer svo í gráu tunnuna, málmum og gleri skal skila á gámsvæðið. Samhlíða þessu eru innleiddar nýjar merkingar frá Fenúr, sjá merkingar við umfjöllum um gáma- og grenndarsvæði.

Losun á tunnum fyrir pappírsefni, plast og blandaðan úrgang verður á sex vikna fresti. Losun á tunnu fyrir lífúrgang-matarleifar verður á þriggja eða sex vikna fresti eftir árstíðum. Innihald pappírs- og plast-tunnunnar fer til endurvinnslu hjá Terra. Lífræni eldhúsúrgangurinn er nýttur til jarð- og metangerðar í Gaju hjá Sorpu, þ.e.a.s. eldsneyti á bíla og moltu sem er næringarríkur jarðvegsbætir sem t.d. getur nýst vel til landgræðslu. Mikilvægt er að hafa í huga að óhreint hráefni hentar ekki til endurvinnslu og ætti að fara með blandaða úrganginum í gráu tunnuna.

Með þessum skrefum í aukinni flokkun komum við vel á móts við markmið Hrunamannahrepps um að draga verulega úr magni urðunar úrgangs í hreppnum. Meðhöndlun efna til endurvinnslu og endurnýtingar og að draga úr blandaða úrganginum er samfélagsverkefni sem við tökum öll þátt í saman. Þannig styðjum við betur við hringrásarhagkerfið með aukinni endurvinnslu og endurnýtingu og stuðlum að vitundarvakningu um bættu flokkun endurvinnsluefna á upprunastað. Nánari upplýsingar um hvernig skal flokka, eru að finna síðar í þessa handbókar. Það sem ekki flokkast í tunnu heima fyrir fara íbúar með á móttökustöð á Flúðum.

Saman náum við árangri í lágmörkun úrgangs, bættri flokkun endurvinnsluefnis og minna magni blandaðs úrgangs sem fer í urðun. Þannig má draga úr kostnaði og spara auðlindir, umhverfinu til hagsbóta.

Sveitarfélagið hvetur fyrirtæki til að leita til þjónustuaðila á sviði umhverfisþjónustu um leigu íláta fyrir úrgang og endurvinnsluefni og þjónustu við þau en í inngangi hér að ofan kemur fram að bæði heimilum og fyrirtækjum verði skylt að flokka í sjö flokka úrgangs; pappír, plast, gler, málma, textíl, spilliefni og lífúrgang-matarleifar frá og með 1. janúar 2023. Taktu skrefið með okkur með betri flokkun úrgangs og minni urðun, umhverfinu til hagsbóta.

Hvernig flokka skal í tunnur.



Flokkun í tunnu fyrir lífúrgang – matarleifar.

Í tunnuna mega fara allur lífúrgangur og matarleifar s.s. ávextir og ávaxtahúði, grænmeti og grænmetishúði, egg og eggjaskurn, eldaðir kjöt og fiskafgangar, kaffikorgur og tepokar, tannstönglar úr tré, eldhúspappír og servíettur og afskorin blóm og plöntur.

Setjið ekki plast, málma, gler eða önnur óhreinindi í lífúrgang! Slíkt eyðileggur gæði moltunnar. Ekki má setja stór bein, sbr. læri oþh. Þar sem forvinnsla lífúrgangs er ekki hafin hjá Sorpu sem tekur við efninu í endurvinnslu. Lífræna efnið er notað í jarðgerð og því er nauðsynlegt að nota sérstaka niðurbjótanlega poka.



Flokkun í tunnu fyrir plastumbúðir.

Í tunnuna fyrir plast mega fara plastpokar, plastbrúsar, plastdósir, plastfilma, plastumbúðir, plastbakkar, plastflöskur og frauðplasts umbúðir.

Til að efni nýtist sem best sem endurvinnsluefni er mikilvægt að tæma vel og skola allar matarleifar af plastumbúðum. Allt efni á að fara laust í tunnuna ekki í lokuðum pokum.



Blandaður úrgangur.

Í tunnu fyrir blandaðan úrgang fara stór bein, einnota hanskar, einnota grímur, pennar, tyggjó, ryksugupokinn, geisladiskar, óhreinir umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa, samsettar umbúðir sem ekki er hægt að aðskilja og hrá matvæli.



Flokkun í tunnu fyrir blandað pappírsefni.

Pappírstunnan er fyrir endurvinnanleg pappírsefni s.s. dagblöð, tímarit, umslög, bæklinga, bylgjupappa, fernur, gjafapappír, eggjabakka og sléttan pappa s.s. morgunkornspakka.

Til að efni nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að mjólkurfernur séu vel skolaðar og annar pappír undan matvælum þarf að vera hreinn og þurr.

Allt efni má fara laust í tunnuna, en ef pokar eru notaðir skal nota glæra poka.



Blandaður pappír og pappi.

Paper, plain paper and cardboard • Papier, zwykły papier i tektura.



SLÉTTUR PAPPÍ

PAPER & CARDBOARD
PAPIER I KARTON



BYLGJUPAPPÍ

CARDBOARD
TEKTURA FALISTA



PAPPÍR

PAPER
PAPIER



DAGBLÖÐ

NEWSPAPERS
GAZETY

Pappír, sléttur pappír og pappi.

- Dagblöð • Umslög • Skrifstofupappír • Bæklingar • Bylgjupappi • Hreinar fernur • Gjafapappír • Eggjabakkar • Sléttur pappi s.s. morgunkornspakkar

Efnið þarf að vera án aðskotahluta, fernur skolaðar, pappír undan matvælum þarf að vera hreinn og þurr. Allt efni má fara laust í tunnuna en ef í poka skal nota glæra poka.

Sjá nánari leiðbeiningar í Flokkunarhandbók Terra.

Paper, plain paper and cardboard.

- Newspapers • Envelopes • Office paper • Pamphlets • Corrugated cardboard • Milk squares • Gift wrap • Egg trays • Smooth cardboard, e.g. breakfast cereals.

The material must be free of foreign matter, squares washed, food wrapping paper must be clean and dry. All materials can be left loose in the barrel, but if in a bag, use a clear bag.

See the Terra Sorting Guide for further instructions.

Papier, zwykły papier i tektura.

- Gazety • Koperty • Papier biurowy • Broszury • Tektura falista • Kartony po mleku • Papier prezentowy • Wytłaczanki • Gładka tektura, np. po płatkach śniadaniowych.

Materiał musi być wolny od ciał obcych, papier po żywności musi być czysty i suchy. Wszystkie materiały można wrzucać luzem do pojemnika lecz jeśli użyjemy worka to ma być on przezroczysty.

Dalsze instrukcje znajdziesz w Terra Sorting Guide.



Lífúrgangur / Matarleifar.

Biowaste / food scraps.

Biodpady / resztki żywności.

Matarleifum sem berast til Terra er breytt í molttu sem er síðan notuð í landgræðslu. Moltan frá Terra er kröftugur jarðvegsbætur sem nýtt er í uppgræðslu og skógræktarverkefni.

Lífúrgangur og matarleifar.

• Ávextir og ávaxtahúði • Grænmeti og grænmetishúði • Egg og eggjaskurn • Eldaðir kjöt- og fiskafgangar • Kaffikorgur og tepokar • Tannstönglar úr tré • Eldhúspappír og servíettur • Afskorin blóm og plöntur.

Til athugunar við flokkun.

Setjið ekki plast, málma, gler, hnifapör eða önnur óhreinindi í lífúrgang. Slíkt eyðileggur gæði moltunnar.

Sjá nánari leiðbeiningar í flokkunarhandbók Terra.

Biowaste / food scraps.

• Fruit and fruit peel • Vegetables and vegetable peel • Eggs and eggshells • Cooked meat and fish leftovers • Coffee basket and tea bags • Wooden toothpicks • Kitchen paper and napkins • Cut flowers and plants.

Note for sorting.

Do not put plastic, metals, glass, cutlery or other dirt in organic waste. This destroys the quality of the compost.

Further information available on terra.is.

Biodpady / resztki żywności.

• Owoce i skórki owocowe • Warzywa i skórki warzywne • Jajka i skorupki • Resztki gotowanego mięsa i ryb • Fusy z kawy i torebki po herbacie • Drewniane wykałaczki • Ręczniki papierowe i serwetki • Kwiaty cięte i rośliny.

Uwaga do sortowania

Nie wrzucaj plastiku, metali, szkła, sztućców ani innych zabrudzeń do odpadów organicznych. To niszczy jakość kompostu.

Wszystkie dalsze informacje można znaleźć na terra.is.



Plastumbúðir.

**Plastic packaging.
Plastikowe opakowania.**



SOFT PLASTIC
MIĘKKI PLASTIK



PLASTIC PACKAGING
OPAKOWANIA PLASTIKOWE

Plastumbúðir.

- Plastpokar • Plastbrúasar • Plastdósir • Plastfilma • Plastumbúðir • Plastbakkar • Plastflöskur
- Frauðplastumbúðir.

Til athugunar við flokkun.

Til að plastið nýtist sem best sem endurvinnsluþing er nauðsynlegt að hafa í huga að plast undan matvælum og hreinsiefnum þarf að vera vel tómt, skolað og þurr.

Allt efni á að fara laust í tunnuna eða í glærum pokum. Nánari upplýsingar á terra.is.

The categories that can go in the plastic barrel.

- Plastic bags • Plastic cans /jars • Plastic film • Plastic packaging • Plastic trays • Plastic bottles
- Foam packaging.

Note for sorting.

In order for the plastic to be recycled, the plastic must empty, washed and dry. All materials can be left loose in the barrel, but if in a bag, use a clear bag. See the Terra Sorting Guide for further instructions.

Further information available on terra.is.

Te kategorie które mogą znaleźć się w pojemniku na plastik.

- Plastikowe worki • Plastikowe butelki • Plastikowe puszki • Folia spożywcza • Plastikowe opakowania
- Plastikowe tacki • Plastikowe butelki • Opakowania ze styropianu.

Uwaga do sortowania.

Aby plastik nadawał się do recyklingu trzeba mieć na uwadze że plastik po żywności i chemii ma być czysty, wypłukany i suchy.

Wszystkie materiały mają iść luzem do pojemnika lub w przezroczystych workach.

Dalsze informacje znajdziesz na terra.is.

Móttökustöð- gáma og grenndarsvæði.

Móttökustöð Flúðum Flatholti við veg 30 er opin mánudag, miðvikudag, föstudag og laugardag frá 13.00-18.00 alla daga fyrir akandi umferð en opin aðgangur er fyrir gangandi umferð allan sólarhringinn. Á svæðinu, sem er vaktað með myndavélum, er tekið á móti öllum flokkum blandaðs pappírs, plastumbúðum, spilliefnum, timbri, rafhlöðum og rafgeymum, nytjahlutum, gleri, málmum, postulíni, ljósaperum, stórum og litlum raftækjum, skilgjalddsskyldum umbúðum, heyrúlluplasti og hjólbörðum svo eitthvað sé nefnt.


Mikilvægt er að íbúar skili gleri- og málmubúðum á móttökustöðina eða næstu grenndarsvæði.

Flúðir reception center at Flatholt by road 30 is open Monday, Wednesday, Friday and Saturday from 13.00-18.00. Pedestrian traffic is open 24 hours a day. The area, which is monitored by cameras, accepts all categories of mixed paper, plastic packaging, hazardous waste, timber, car batteries, useful objects, glass, metals, porcelain, light bulbs, large and small electronics, deposit containers, agricultural plastic to name a few.

It is important that residents return glass and metal packaging to the container area or the nearest local station.

Punkt zbioru odpadów we Flúðir jest na Flatholt przy drodze nr. 30 środy, piątki i soboty w godzinach 13.00-18.00. Ruch pieszy jest otwarty 24 godziny na dobę. Obszar monitorowany kamerami przyjmuje wszystkie kategorie papieru mieszanego, opakowań z tworzyw sztucznych, odpadów niebezpiecznych, drewna, akumulatorów samochodowych, przedmiotów użytkowych, szkła, metali, porcelany, żarówek, dużej i małej elektroniki, pojemników depozytowych, plastiku rolniczego i opony i tak dalej.

Ważne jest, aby mieszkańcy zwracali opakowania szklane i metalowe do obszaru kontenera lub najbliższej stacji lokalnej.



Gler og málmar

Glass and metal Szkło i metale

Íbúar athugið


að umbúðum úr gleri og málmum á að skila á móttökustöð Flúðum eða næsta grenndarsvæði.

Residents note

that glass and metal packaging must be returned to the Flúðir reception center or the nearest drop off area.

Uwaga mieszkańcy,

opakowania ze szkła lub metalu należy oddać w punkcie zbiórki odpadów we Flúðir lub do lokalnych pojemników na odpady segregowane.



GLASS
SZKŁO



METAL PACKAGING
OPAKOWANIA METALOWE



Markmið 12.

Ábyrg neysla og framleiðsla;
Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur
verði tryggð.




Markmið 13.

Aðgerðir í loftslagsmálum;
Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum
og áhrifum þeirra.

Sveitarfélagið er hluti að samstarfsvettvangi sveitarfélöga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna en um 50 sveitarfélög eru aðilar að samstarfsvettanginum. Hrunamannahreppur er í startholunum að skoða mælikvarða fyrir framgang heimsmarkmiða í sveitarfélaginu og í ljósi þeirrar vinnu setur fram fyrstu 2 heimsmarkmiðin sem sjá má hér að ofan.



Umhirða og staðsetning íláta.



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá götu sé ekki mikil eða valdi sorphirðufólki óþarfa álagi við hirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.



Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Það er hættu á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. Skila má úrgangi sem ekki rúmast í tunnunum á mót-tökustöð eða grenndarsvæði sveitarfélagsins.



Að vetri er ætlast til að íbúar moki frá tunnnum og hálkuverji. Griðarlega erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem háлка getur verið varasöm.



Íbúar bera ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.

Sorphirðudagatal.

MAÍ						
S	M	Þ	M	F	F	L
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

JÚNÍ						
S	M	Þ	M	F	F	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

JÚLÍ						
S	M	Þ	M	F	F	L
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

ÁGÚST						
S	M	Þ	M	F	F	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

SEPTEMBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	
31						

OKTÓBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
					1	
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

NÓVEMBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

DESEMBER						
S	M	Þ	M	F	F	L
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31



PAPPÍR

PAPER
PAPIER



Blandaður
pappír og plast úrgangur.



PLASTUMBÚÐIR

PLASTIC PACKAGING
OPAKOWANIA PLASTYKOWE



MATARLEIFAR

FOOD WASTE
ODPADY ŻYWIŃCZYNE



Lífúrgangur
eingöngu.



BLANDAÐUR
ÚRGANGUR

RESIDUAL WASTE
ODPADY ZMIESZANE



Blandaður úrgangur
Tekið samhliða lífrænt.



MATARLEIFAR

FOOD WASTE
ODPADY ŻYWIŃCZYNE



Heyrúlluplast.



Heyrúlluplast.

Fyrirtæki okkar eru viðurkenndir þjónustuaðilar Úrvinnslusjóðs við söfnun á heyrúlluplasti.

Nokkur atriði sem nauðsynlegt er að hafa í huga við söfnunina:

Heyrúlluplast - frágangur.

Best er að ganga frá heyrúlluplasti um leið og það fellur til við gegningar og hrista úr því hey og önnur óhreinindi. Hreint heyrúlluplast (annað en svart plast) má vera laust eða baggað.

Ekkki má setja heyrúlluplast í stórsekki. Það er mjög áriðandi að plastið sé hreint og laust við aðskotahluti.

Net, stórsekkir, svart plast og bönd mega alls ekki vera í förmunum. Svörtu heyrúlluplasti má ekki skila lausu, haldið því sér og baggið sér og þá má taka það með öðru heyrúlluplasti. Svarta plastið er ekki afsett með sama hætti og annað heyrúlluplast og því þarf að halda því aðskildu í söfnun.

Mikilvægt er að aðgengi að bæjunum sé gott, og ekki síður að þeim stað sem plastinu er safnað saman.

Samvinna er lykilatriði. Terra sem sinnir söfnun úrgangs- og endurvinnsluefna, gerir sitt besta til láta vita þegar söfnun á sér stað þannig að bændur geti undirbúið söfnunina og verið á staðnum og aðstoðað bilstjóra eftir þörfum. Farið er yfir hvort rétt sé staðið að söfnun og frágangi plastsins með bóndanum. Við áskiljum okkur rétt á að skilja plastið eftir, sé ekki rétt gengið frá því eða rétt flokkað!

Söfnun.

Gott er að safna plastinu í ker eða grindur og vera búinn að leggja bönd í ker. Fergja síðan plastið til að minnka rúmmálið sem mest. Þegar karið/grindin eru full er fargið fjarlæggt, bundið yfir og baggi er tilbúinn.

Söfnun.

Gott er að safna plastinu í ker eða grindur og vera búinn að leggja bönd undir. Fergja síðan plastið til að minnka rúmmálið sem mest. Þegar karið/grindin eru full er fargið fjarlæggt, bundið yfir og baggi er tilbúinn.



Áriðandi er að leggja tvö bönd í tómt karið. Þau eru síðan notuð til þess að binda baggann saman.



Ýmsar aðferðir má nota til þess að fergja, en það er nauðsynlegt til þess að minnka umfang baggans. Hér að ofan má sjá dæmi um gott farg.



Bönd og net má **alls** ekki setja með heyrúlluplasti. Ef plastið er ekki hreint þarf að urða það með tilheyrandi kostnaði. Ekkki má setja heyrúlluplast í stórsekki.



Hrunamannahreppur



terra

Umhverfispjónusta

Berghella 1 • 221 Hafnarfjörður • Sími 535 2500
terra@terra.is • www.terra.is